

Vísbotnar sem voru á meðal þeirra bestu á miðstigi

Horfi ég á hundinn minn,
hann er góður vinur.

**Barngóður og besta skinn
og boltinn hans er linur.**

Andrea Hvannberg, Hofsstaðaskóla Garðabæ

Horfi ég á hundinn minn,
hann er góður vinur.

**Krúttlegur með krullað skinn,
yfir krökkunum hann stynur.**

Elsa Día Hilmarsdóttir, 5. bekk Hofsstaðaskóla Garðabæ

Horfi ég á hundinn minn,
hann er góður vinur.

**Alsæll kúrir kötturinn,
kona bóndans stynur.**

Helga Sóley Jóhannsdóttir, Lágafellsskóla Mosfellsbæ

Óskalista enn á ný
ætla ég að gera.

**Lukkan er hún lotterí?
Læt ég það nú vera.**

Helga Sóley Jóhannsdóttir, Lágafellsskóla Mosfellsbæ

Horfi ég á hundinn minn,
hann er góður vinur.

**Kannski vill hann koma inn,
kalt er úti og hvinur.**

Brynja Nótt, Lágafellsskóla Mosfellsbæ

Óskalista enn á ný
ætla ég að gera.

**Stytta af Óðni og einnig Tý
ætti þar að vera.**

Puríður Rósa Bjarkadóttir, 6. bekk Melaskóla í Reykjavík

Horfi ég á hundinn minn,
hann er góður vinur.
Horfir þú á högnann þinn?
Hann er svaka fimur.

Kristján Valur Bjarkason, 6. bekk Melaskóla í Reykjavík

Óskalista enn á ný
ætla ég að gera.
Ég er góður öllu í
eins og ég vil vera.

Atli Hrafn Tómasson og Matthías Sólmundarson,
6. bekk Melaskóla í Reykjavík